

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársskýrsla fyrir árið 2010

Efnisyfirlit

STJÓRN OG STARFSFÓLK	3
BREYTINGAR Á STJÓRN SJÓÐSINS	3
ENDURSKOÐUNARNEFND	3
SAMTRYGGINGARDEILD	4
IÐGJÖLD	4
LÍFEYRIR	5
MAT EIGNA OG STAÐA SÖFNUNARSJÓÐS LÍFEYRISRÉTTINDA	7
SAMEININGAR LÍFEYRISJÓÐA VIÐ SÖFNUNARSJÓÐ LÍFEYRISRÉTTINGA Á ÁRINU 2010	7
ÁVÖXTUN EIGNA 2010	7
EIGNASAMSETNING 31.12.2010.....	8
FJÁRFESTINGAR 2010	9
FJÁRFESTINGARSTEFNA 2011	9
MAT Á ÁVÖXTUN.....	10
MAT Á ÁHÆTTU	11
ALMENN VIÐMIÐ SAMTRYGGINGARDEILDAR.....	12
SJÓÐFÉLAGALÁN	15
TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN	16
SÉREIGNARDEILD	16
IÐGJÖLD	16
LÍFEYRIR	16
EIGNIR	17
ALMENN VIÐMIÐ SÉREIGNARDEILDAR	18
Ársreikningur 2010	19
Annual Report 2010	40

Stjórn og starfsfólk

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er skipuð af fjármálaráðherra. Fjöldi stjórnarmanna er sjö og eru jafn margir varamenn. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Fjórir stjórnarmenn eru skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, þrír eru án tilnefningar og er einn þeirra formaður stjórnar sjóðsins.

Breytingar á stjórn sjóðsins

Þann 1. desember 2010 tók Guðmundur Árnason við sem formaður stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Baldur Guðlaugsson fyrrverandi stjórnarformaður sagði sig úr stjórn sjóðsins frá og með 1. mars 2010. Í millitíðinni sinnti varaformaður sjóðsins, Hrafn Magnússon, skyldum stjórnarformanns.

Stjórn frá 1. janúar 2009 til næstu fjögurra ára.

Aðalmenn:

Guðmundur Árnason, formaður
Hrafn Magnússon, varaformaður
Arnar Sigurmundsson
Friðbert Traustason
Gunnar Gunnarsson
Þorbjörn Guðmundsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Varamenn:

Þórhallur Arason
Elsa B. Friðfinnsdóttir
Haukur Hafsteinsson
Stefanía Magnúsdóttir
Ingibjörg H. Helgadóttir
Ingþór K. Eiríksson
Stefán Halldórsson

Aðsetur sjóðsins er í Borgartúni 29 og er fjöldi starfsfólks tíu í árslok 2010.

Starfsfólk:

Elín S. Valdimarsdóttir
Guðmundur Pálsson
Helga B. Sigurðardóttir
Jóna Kristín Sigurðardóttir
Kristín Árnadóttir
Magnús B. Jónsson
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Sigurlaug J. Waage
Stefanía Sigfúsdóttir
Svanhildur Lýðsdóttir

Starfssvið:

Sviðsstjóri bókhaldssviðs
Eignastýringasvið
Bókhald eigna og fjárfestinga
Bókhaldssvið
Móttaka, símsvörun og upplýsingar
Sviðsstjóri innheimtu- og ráðgjafasviðs
Frankvæmdastjóri
Sviðsstjóri lífeyris- og sjóðfélagasviðs
Lífeyris- og sjóðfélagasvið
Innheimtu- og ráðgjafasvið

Endurskoðunarnefnd


Á grundvelli laga skipaði stjórn sjóðsins endurskoðunarnefnd. Formaður nefndarinnar er Sigurður Þórðarson en aðrir nefndarmenn eru Gunnar Gunnarsson og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir. Nefndin hélt níu fundi á síðasta ári og gengið var frá sérstöku erindisbréfi um störf hennar. Hlutverk hennar er að koma að reikningsskilum og innri og ytri endurskoðun sjóðsins og vera ákveðin framlenging á starfsemi stjórnar, er varðar þessi viðfangsefni.

SAMTRYGGINGARDEILD


Iðgjöld

Lögbundið er að greiða 12% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi frá 16 til 70 ára aldurs. Skiptist hlutfallið þannig að 4% greiðir launþegi en launagreiðandi greiðir 8%. Eins og neðangreind tafla sýnir hefur orðið nokkur vöxtur á iðgjöldum til sjóðsins frá árinu 1999. Meginástæður eru aukinn fjöldi sem hefur kosið að greiða til sjóðsins, auknar greiðslur hvers sjóðfélaga og hlutverk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í samræmi við 6. gr. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um sérstakt innheimtuhlutverk sjóðsins.

Á árinu 2010 greiddu 15.041 einstaklingur iðgjöld til sjóðsins, alls um 2.524 millj. kr. Þá greiddu 1.864 launagreiðendur iðgjöld fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 6.992. Samtals lækkuðu iðgjöld um 14,7% frá fyrra ári. Ástæðan er sú að lægri iðgjöld koma til innheimtu vegna 6.gr.l.nr 129/1997 en árin á undan. Einnig var reikningsskilaðferðum breytt vegna þeirra iðgjalda árið 2009. Hins vegar hafa iðgjöld sem berast sjóðnum með reglulegum skilum í hverju mánuði ekki lækkað milli ára.



Á árinu 2010 eru iðgjöld á föstu verðlagi að dragast saman. Notast er við vísitölu neysluverðs í árslok 2010 þegar reiknuð eru út iðgjöld á föstu verðlagi fyrir árið 2010.




Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2010 námu um 1.491 millj. kr. og hafa hækkað um 50,6% frá árinu 2009. Greiðslur vegna ellilífeyris hækkuðu mest eða um 438 millj.kr. Á árinu voru að jafnaði 7.198 lífeyrisþegar sem þáðu lífeyri og hafði þeim fjölgað um 16,5% frá fyrra ári. Allar lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar í samræmi við breytingu á neysliverðsvísitölu. Samtals bættust við 448 ellilífeyrisþegar, 88 makalífeyrisþegar og 47 örorkulífeyrisþegar frá sjóðunum fjórum sem sameinuðust Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eða samtals 583 lífeyrisþegar. Skipting lífeyrisgreiðslna milli lífeyristegunda hefur breyst þannig að vægi ellilífeyris hefur aukist.

Lífeyrisgreiðslur árunna 2010 og 2009:


	Árið 2010	Árið 2009	Breyting milli ára	Hlutfall lífeyris
Ellilífeyrir	1.120.607.578	682.396.250	64,2%	75,1%
Örorkulífeyrir	211.900.938	219.730.205	-3,6%	14,2%
Makalífeyrir	150.577.096	76.915.157	95,8%	10,1%
Barnalífeyrir	8.299.637	10.938.181	-24,1%	0,6%
Samtals	1.491.385.249	989.979.793		100,00%



Hlutfall lífeyris af hreinni eign

Neðangreind mynd sýnir hversu stór hluti af eignum sjóðsins fer til greiðslu lífeyris á hverju ári og er því góður mælikvarði á stöðu sjóðsins og aldursamsetningu sjóðfélaga. Hlutfall lífeyris af hreinni eign var 1,9% í árslok 2010. Langt er í að fjölmennustu og réttindamestu sjóðfélagahóparnir fara á lífeyri. Samtals greiðir sjóðurinn 58,7% af iðgjöldum í lífeyri.

Myndin sýnir hlutfall lífeyris af meðaltali hreinnar eignar tveggja ára í senn.



Hrein eign til greiðslu lífeyris

Eins og sést á myndinni hér að neðan hefur verið stöðugur og góður vöxtur á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá árinu 2000 á föstu verðlagi ársins 2010. Vegna góðrar ávöxtunar árána 2003 - 2007 vex hrein eign hraðar en árin á undan. Raunávöxtun var neikvæð árið 2008 og lækka eignir sjóðsins að raunvirði það árið. Hrein eign vex um 16,8% árið 2010. Vöxturinn skýrist af hækkingu vegna samruna sjóða við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Án samruna sjóðanna hefðu eignir vaxið um 7,7%. Fall bankanna í október árið 2008 og afleiðingar þess hafa mikil áhrif á þróun hreinnar eignar árin 2008 og 2009.



Mat eigna og staða Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda leggur nú um 223 millj. kr. til hliðar til að mæta hugsanlegu tapi af verðbréfum og hefur sjóðurinn samtals lagt til hliðar 5.234 millj. kr. til að mæta hugsanlegu eignatapi sjóðsins vegna falls bankanna í október árið 2008. Til viðbótar afskrifaði sjóðurinn innlend hlutabréf fyrir 1.953 millj. kr. í ársuppgjöri 2008. Samtals þegar þetta er skrifað lítur út fyrir að sjóðurinn tapi 8 – 10% af eignum miðað við stöðu þeirra í septemberlok árið 2008. Í samanburði við meðaltöl um töp lífeyrissjóða vegna falls bankanna eru töp Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda nokkuð fyrir neðan þau meðaltöl.

Sjóðurinn hefur þrátt fyrir þetta ekki þurft að skerða áunninn réttindi sem skiptir afar miklu. Segja má því með sanni að lífeyrisréttindi sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda hafi verið betur varin en lífeyrisréttindi sjóðfélaga annarra sjóða við þær aðstæður sem hafa ríkt.

Sameiningar lífeyrissjóða við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinga á árinu 2010

Á síðasta ári var ákveðið að sameina fjóra lífeyrissjóði við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þeir eru Lífeyrissjóðurinn Skjöldur, Lífeyrissjóður Eimskipafélagsins II, Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka og Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands. Sameiningin átti sér stað miðað við áramótastöðu sjóðanna í árslok 2009 sem og tryggingafræðilegt mat. Þ.e. þó að sjóðirnir hafa verið reknir sér hluta af árinu 2010, var bókhald þeirra skráð í bókhald Söfnunarsjóðsins frá ársbyrjun 2010. Við þessar sameiningar jukust eignir Söfnunarsjóðsins samtals um tæpa 6 milljarða króna. Staða þessara fjögurra í árslok 2009 var eftirfarandi: Lífeyrissjóðurinn Skjöldur – 324 millj. kr, Lífeyrissjóður Eimskipafélagsins II – 110 millj.kr, Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka – 4.534 millj. kr og Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands – 807 millj.kr. Vegna Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka var lagt í séreignadeild Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 1.656 millj. kr. Samtals hafa eignir sjóðsins vaxið í heild um 7.6 ma.kr.

Fyrsta útgreiðsla lífeyris frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda fyrir hvern sjóð var eftirfarandi: Lífeyrissjóðurinn Skjöldur – 01.03.2010, , Lífeyrissjóður Eimskipafélagsins II – 01.08.2010, Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka – 01.10.2010 og Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands – 01.12.2010.

Allir framangreindir sjóðir voru lokaðir þ.e. hættir að taka við iðgjöldum. Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka var þó þannig að Glitnir banki hf. sem varð gjaldþrota í október árið 2008 bar ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sama má segja um Lífeyrissjóð Eimskipafélagsins II en ábyrgð hans var á herðum Landsbanka Íslands hf. og Straums Fjárfestingarbanka hf. við þrot þeirra. Gerður var samningur við sjóðstjórnir allra sjóðanna og hafa þeir samningar verið sendir Fjármálaeftirlitinu um leið og þeir voru undirritaðir. Í samningum er kveðið á um hvernig réttindaávinnslu er háttáð ásamt öðrum atriðum er máli skipta. Í viðauka D við samþykktir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er fjallað um samruna sjóðanna fjögurra við sjóðinn. Eins og um var getið var bókhald sjóðanna hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda árið 2010. Þetta skiptir miklu og hefur jákvæð áhrif á réttindi sjóðfélaga allra sjóðanna. Við það sparast m.a. töluverður kostnaður sem ella hefði fallið á sjóðina vegna uppgjörs þeirra í árslok 2010. Nefna má liði eins og endurskoðun ársuppgjörs fjögurra lífeyrissjóða, kostnaðar vegna tryggingafræðilegra úttekta, stjórnarkostnaður sem og hluti af eftirlitsgjaldi til Fjármálaeftirlitsins o.fl. Vissulega fellur á Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda viðbótarkostnaður vegna málsins árið 2010. Starfsemi sjóðanna fjögurra var lögð niður á síðasta ári og að mati Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda tókst samruni þeirra við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda mjög vel.

Ávöxtun eigna 2010

Árið 2010 var erfitt ár til ávöxtunar að því leyti að kostir sem sjóðnum hafa verið opnir hingað til þ.e. erlendir verðbréfamarkaðir voru lokaðir fyrir nýfjárfestingar vegna gjaldeyrishafta Seðlabanka Íslands. Hlutabréfamarkaðir í nær öllum heimshlutum skiluðu ávöxtun árið 2010. Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index) hækkaði um 9,55% í dollar en 1,27% í íslenskum krónum en krónan styrktist um 7,88% gagnvart dollar. Styrking krónunnar lækkar ávöxtun erlendra eigna. Hlutabréfavisitölur innanlands hækkuðu um 14,2% en mjög fáir kostir eru til fjárfestinga í innlendum hlutabréfum. Vextir á innlendum ríkistryggðum skuldabréfum (verð- og óverðtryggðum) hafa haldist lágir allt árið og voru verðtryggðir vextir á tímabili langt undir 3,50% viðmiði sem lífeyrissjóðir þurfa að skila í raunávöxtun. Frá lok september hafa verðtryggðir vextir á lengstu skuldabréfum verið í kringum 3,35%.

Verðbólga var á síðasta ári 2,6% en innlend skuldabréf skila nettó 7,7% sem er 5,0% yfir verðlagi. Umframávöxtun kemur því fyrst og fremst af hlutabréfum. Hrein raunávöxtun árið 2010 var 3,4% en hrein nafnávöxtun var 6,1%.


Hér að neðan er samanburðartafla þar sem borin er saman nafnávöxtun eigna og viðmiða sjóðsins.

	Ávöxtun	Viðmið
Innlend skuldabréf	7,7%	6,1%
Innlend hlutabréf	27,8%	14,7%
Erlend hlutabréf	0,4%	0,9%
Aðrar eignir	12,1%	8,4%


Mjög erfitt er að meta ávöxtun eigna einkum skuldabréfa og bera saman við viðmið. Sjóðurinn skilaði lítillega lakari ávöxtun á erlendum hlutabréfum. Sjóðurinn skilar bæði betri ávöxtun á innlendum hlutabréfum og öðrum eignum en það eru eignir sem eru í stýringu hjá Arion banka hf.

Eignasamsetning 31.12.2010

Það helsta sem hefur breyst varðandi eignasamsetningu frá árinu 2009 er að vægi ríkistryggðra eigna hefur aukist og vægi erlendra eigna hefur lækkað.



Fjárfestingar 2010



Fjárfestingarstefna 2011

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda setti fram fjárfestingarstefnu árið 1999. Hún var framlengd til ársins 2006. Á árinu 2006 var fjárfestingarstefnan yfirfarin af tveimur þess til bærum aðilum. Verður nánar fjallað um það síðar.

Það er hlutverk stjórnar að leggja mat á, fylgjast með og yfirfara fjárfestingarstefnuna reglulega. Slíkt er gert hér og hefur t.a.m. fjárfestingarstefna ársins 2010 verið endurmetin reglulega á árinu. Sú stefnumótun sem fram fór árið 1999 byggir á viðamikilli greinargerð sem þá ásamt fleiri breytum varð grunnur að ákvörðun um eignasamsetningu sem hér fylgir. Fjárfestingarstefna sjóðsins vegna ársins 2011 miðar að því að viðhalda og styrkja núverandi eignasamsetningu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið eftirfarandi skiptingu fjárfestinga og ráðstöfun fjármuna ársins 2011:

Fjárfestingarstefna ársins 2011		
a.	Verðbréf ríkis og húsnæðiskerfis	50 - 80%
b.	Verðbréf sveitarfélaga	0 - 15%
c.	Sjóðfélagalán	1 - 10%
d.	Innlend hlutabréf	0 - 5%
e.	Erlend verðbréf	0 - 20%
f.	Aðrar fjárfestingar	10 - 40%
g.	Innlán	5 - 10%

Sjóðurinn stefnir í að auka vægi ríkistryggðra skuldabréfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti komið að ýmsum arðbærum verkefnum til þess að efla íslenskt atvinnulíf á ný. Fellur það undir f. lið. Varðandi erlend verðbréf þá eru takmörk á gjaldeyrisviðskiptum sem hafa áhrif á möguleika til fjárfestinga erlendis. Hitt er að sjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að fjárfesta erlendis í svokölluðum framtakssjóðum sem kalla eftir fjármunum eftir því sem þeir fjárfesta.

Hjálagt er eignasamsetning samtryggingardeildar sjóðsins ásamt vikmörkum:

	Stefna 2011 og vikmörk
Bein og óbein ábyrgð ríkissjóðs	50 - 70%
Aðrar tryggingar	5 - 25%
Bankar og fjármálafyrirtæki	0 - 5%
Bæjar- og sveitarfélög	5 - 10%
Skuldabréf fyrirtækja	0 - 5%
Sjóðfélagalán	0 - 5%
Innlend hlutabréf	0 - 3%
Erlend verðbréf	16 - 40%
Skráð hlutabréf (Vísitölustýring)	6 - 14%
Skráð hlutabréf (Virk stýring)	6 - 14%
Skuldabréf	0 - 5%
Framtaksfjárfestingar (Private Equity)	4 - 7%
Aðrar fjárfestingar	0 - 10%
Innlendir hlutdeildarsjóðir	0 - 10%
Innlán	0 - 10%

Í tengslum við fjárfestingarstefnu var lagt mat á þætti er hafa áhrif á val fjárfestingarkosta.

Mat á ávöxtun

Lagt var mat á hverrar ávöxtunar væri að vænta miðað við eignasafn sjóðsins síðari hluta ársins 2001 og þær breytingar sem stefnt er að gera á eignasafninu með tilliti til stefnumörkunar sjóðsins til ársins 2006. Á haustmánuðum árið 2006 var stefna sjóðsins endurmetin og yfirfarin. Var hún tekin út af tveimur til þess bærum aðilum og miðað við eftirfarandi eignasamsetningu þann 30.09.2006:

Innlend skuldabréf	62%
Innlend hlutabréf	13%
Erlend verðbréf	25%

Samhliða endurmatinu var gerð greiðsluflæðisgreining til ársins 2030. Einnig var gerð greiðsluflæðisgreining árið 2008, sem er reglulega yfirfarin. Miðað við afborganir núverandi skuldabréfa þá skila þær nægjanlegu innstreymi til að standa við greiðslur lífeyris næstu 12 – 15 árin. Næstu árin skila afborganir mun meiru en til þarf til að standa undir áætluðum lífeyri. Endurfjárfestingarþörf sjóðsins er því töluverð næstu árin. Niðurstaða athugganna benda til að nafnávöxtun gæti numið að jafnaði um 11 – 11,6%. Miðað við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands skilar sú ávöxtun 8,2 – 8,8% raunávöxtun. Vegna sögulegs staðalfráviks (flökts) eignaflokka eru meiri líkur en minni að raunávöxtun geti sveiflast í kringum 6%. Frávikkið mælist því um 4,2 – 4,9%. Það þýðir að raunávöxtun getur sveiflast á milli 1,8 - 10,9%. Litlar líkur eru á neikvæðri raunávöxtun. Athuganir staðfesta trausta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Byggt verður því á sömu grunnstefnu áfram á komandi ári. Meginhluti eigna sjóðsins eru skráðar á markaði. Einungis um 2% eigna sjóðsins skv. reglum eru óskráðar í lok árs 2010.

Ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum ræðst af því að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu. Lykilatriði við mat á fjárfestingakostum er að meta tapsáhættu í hverjum viðskiptum fyrir sig.

Sjóðurinn hefur því skilgreint viðmiðanir sem eru hafðar til hliðsjónar við val á fjárfestingakostum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er.

Mat á áhættu

Stjórn sjóðsins hefur rætt viðhorf sitt til áhættu og væntingar um ávöxtun. Viðhorf til áhættu gerir það að verkum að fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera nokkuð aðhaldssöm.

Helstu áhættuþættir eru:

Áhrif breytinga á tryggingafræðilegar forsendur:

Sjóðurinn ber áhættu af breytingum á væntum lífaldri sjóðfélaga svo og breytingu á örorkulíkum. Lífslíkur hafa töluvert breyst á undanförunum árum sem leiðir til að lífaldur hefur farið hækkandi sem og breyting á örorkulíkum. Þetta hefur þýtt hækkun á skuldbindingum sjóðsins. Margt bendir til að þessi þróun geti haldið áfram en möguleikar sjóðsins til að verjast þessari tegund af áhættu eru því miður ekki fyrir hendi. Ákveðið hefur verið að breyta reiknitöflum til að mæta þessari breytingu. Þær hafa í för með sér að réttindaávinnsla til framtíðar lækkar, en áunnin lífeyrisréttindi haldast óbreytt.

Kerfislæg áhætta (Ísland):

Stærsta landsáhætta íslenskra lífeyrissjóða er á Íslandi. Eignasafn sjóðsins er engin undantekning frá því og samkvæmt núverandi fjárfestingastefnu má gera ráð fyrir að bein áhætta á íslenska ríkið, fyrirtæki, sveitarfélög eða aðrar stofnanir sé um 80%. Þessari staðreynd fylgir sú áhætta af séríslenskum atburðum svo sem þeim efnahagsvandræðum sem Ísland hefur ratað í og glímur enn við í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Úr þessari áhættu er erfitt að draga þar sem ekki er hægt að fara í nýjar erlendar fjárfestingar nema að selja aðrar erlendar eignir í staðinn.

Áhætta utan Íslands:

Erlendar eignir sjóðsins eru um 20%. Stærsti áhættuþátturinn gagnvart þeim er fall á erlendum verðbréfamörkuðum, þrengingar og samdráttur í helstu hagsvæðum heimsins sbr. lausafjárkrísuna árið 2008 á erlendum mörkuðum. Unnt er að draga úr þessari áhættu með því að selja erlendar eignir og kaupa innlendar en með því er kerfislæga áhættan aukin samkvæmt því.

Áhættan sem fylgir lokuðu fjárfestingaumhverfi:

Á Íslandi ríkja gjaldeyrishöft. Sú staðreynd ásamt þeim trúnaðarbresti sem orðið hefur milli skuldabréfaútfenda og fjárfesta svo og núverandi smæð íslenska hlutabréfamarkaðarins hefur orsakað það að fjárfestum standa nú fáir kostir til boða til fjárfestinga. Þetta hefur leitt til að fjárfestingar fara mestmegnis í skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins, skuldabréf á sveitarfélög og innlán til íslenskra fjármálastofnanna. Fjárfestingaþörf íslensku lífeyrissjóðanna er umtalsverð og þrátt fyrir umræðu um aðkomu íslensku lífeyrissjóðanna að uppbyggingu íslensks atvinnulífs er hættu á því að áhættudreifing í eignasöfnum verði takmarkaðri en áður ásamt hættunni á eignaverðsbólum. Úr þessari áhættu er erfitt að draga eins og fjárfestingarumhverfið er núna.

Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta:

Öll skuldabréf sjóðsins fyrir utan skuldabréf í verðbréfasjóðum eru gerð upp á fastri ávöxtunarkröfu þannig að ekki er um eiginlega vaxtaáhættu að ræða miðað við núgildandi reglumhverfi. Hinsvegar er sú áhætta fyrir hendi að sjóðurinn geti ekki fjárfest í skuldabréfum án þess að bókfæra tap við kaupin. Þetta á við þegar sjóðurinn getur ekki fjárfest í verðtryggðum skuldabréfum á 3,5% ávöxtunarkröfu eða hærrí (eða 6,01% óverðtryggðri kröfu) sem er uppgjörskrafa í tryggingafræðilegri athugun.

Sjóðurinn getur minnkað endurfjárfestingaáhættu með því að lengja líftíma eignasafns síns, t.d. auka vægi langra skuldabréfa eða kaupa bréf með færri afborgunum.

Seljanleikaáhætta:

Langstærstur hluti eigna sjóðsins er seljanlegur án mikilla vandræða. Markaður með ríkisskuldabréf er mjög virkur hér á landi. Aðeins eru um 10-12% eigna sem hægt er kalla tregseljanleg. Seljanleikaáhættu er unnt að minnka upp að vissu marki með sölu tregseljanlegra eigna en það er aðeins gert yfir langan tíma.

Verðbólguáhætta:

Verðtryggingarhlutfall eigna sjóðsins er í kringum 70% en skuldbindingar sjóðsins eru að fullu verðtryggðar. Þetta þýðir að sjóðurinn ber verðbólguáhættu sem nemur mun á verðtryggingahlutfalli eigna og skuldbindinga. Verðbólguáskot myndi því auka áfallnar skuldbindingar og þar með lækka tryggingafræðilega stöðu, sem nemur um 30% af safninu. Hægt er að minnka þessa áhættu með því að auka verðtryggingarhlutfall eignasafns.

Gjaldeyrishætta:

Samkvæmt fjárfestingastefnu næsta árs má gera ráð fyrir að um 20% eignasafns sé í erlendri mynt. Sjóðurinn hefur fyrir tilkomu gjaldeyrishafta stýrt gjaldeyrishættunni á virkan hátt, en að mjög litlu leyti. Í dag er gjaldeyrisstýring ekki möguleg og gjaldeyrishætta (tap) sjóðsins liggur í hugsanlegri styrkingu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Óbein áhrif af gjaldeyrishreyfingum eru m.a. þau að við veikingu krónunnar leita áhrifin út í verðlag sem leiðir til hækkunar á skuldbindingum. Færa má rök fyrir því að ákveðin vörn fyrir þessu sé að eiga verðtryggðar eignir.

Hægt er að minnka gjaldeyrishættuna með því að selja eignir í erlendri mynt og kaupa eignir fyrir íslenskar krónur.

Mótaðilaáhætta:

Stærsta einstaka mótaðilaáhættan er á Ríkissjóð Íslands en rúmlega 50% af eignum sjóðsins eru skuldabréf með ríkisábyrgð eða verðbréfasjóðir sem eiga slík bréf. Önnur stærsta mótaðilaáhættan er á sveitarfélög eða um 8%. Aðrir aðilar vega minna í mótaðilaáhættu. Erfitt er að minnka mótaðilaáhættu eins og staðan er í dag þar sem skortur er á öruggum skuldurum og um fáa fjárfestingakosti er að ræða.

Áhætta vegna hlutabréfaeignar:

Hlutabréfaeign sjóðsins má skipta í tvennt. Innlend hlutabréf sem eru um 1% af safni sjóðsins, en í dag eru fáir kostir á hlutabréfamarkaðnum og eðli máls samkvæmt heldur lítil áhættudreifing. Erlend hlutabréfaeign er um 20% af safni sjóðsins í dag sem er fjárfest í dreifðum hlutabréfasjóðum víðs vegar um heiminn í erlendum og innlendum hlutafélögum.

Almenn viðmið samtryggingardeildar

Ávöxtun – meginmarkmið:

Markmið um raunávöxtun lífeyrissjóða er 3,5%. Hafa þarf í huga að oft þarf að bæta við álagi á 3,5% ávöxtun til að mæta kostnaði við rekstur sjóðsins. Álagið getur verið á bilinu 0,2-0,3%. Þannig að meðalkrafa til langs tíma ætti að vera rúmlega 3,7%. Markmið fjárfestinga í verðtryggðum eignum er að fjárfesta á hærri kröfu heldur en 3,5%. Að jafnaði er ekki fjárfest í skuldabréfum sem skila lægri ávöxtun en 3,5% á aðra aðila aðra en Ríkissjóð Íslands. Það er langtíamarkmið sjóðsins að eiga viðskipti á ávöxtunarkröfu yfir 4,0% á verðtryggðum skuldabréfum. Markmið fjárfestinga í óverðtryggðum eignum er að fjárfesta á hærri kröfu heldur en 6,01%, en það er uppgjörskrafa í tryggingafræðilegri athugun.

Fjárfestingarstefna hvers árs:

Fyrir hvert ár er sett fram fjárfestingarstefna sem lögð er fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Í henni eru sett markmið um eignasamsetningu og hvernig skal haga fjárfestingum á komandi ári. Fjárfestingarstefna ársins getur haft áhrif á fjárfestingar í einstökum verðbréfum eða verðbréfaflokkum sbr. ákvörðun stjórnar um Framtakssjóð Íslands fyrir árið 2010 o.s.frv.

Fjárfestingar í óverðtryggðum bréfum útgefnum af Ríkissjóði Íslands:

Reynt er að fjárfesta til skemmri tíma þegar kemur að óverðtryggðum eignum útgefnum af Ríkissjóði Íslands. Það er gert til að reyna að lágmarka verðbólguáhættu sem getur skapast, til dæmis með því að kaupa óverðtryggt bréf til 15 ára til að eiga út líftímann. Til að fjárfest sé í skammtíma óverðtryggðum bréfum er lagt upp með að fá hærri ávöxtun heldur en fást á bankareikningum á meðan öll innlán eru ríkistryggð að fullu.

Sjóðurinn hefur í auknum mæli fjárfest í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum. Þegar sjóðurinn hefur keypt bréf er hugsað til þess að reyna að selja þau aftur þegar tækifæri til þess gefst. Þá hefur líftími bréfanna ekki skipt eins miklu máli, þar sem það er ekki markmið að eiga bréfin út líftímann.

Fjárfestingaviðmið:

Varðandi erlend hlutabréfaviðskipti sjóðsins þá er horft til að ávöxtun sé að jafnaði hærri en heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI World Index). Fyrir innlend hlutabréf er mælikvarðinn OMXI6 sem er vísitala Kauphallarinnar. Það er hins vegar erfiðara að draga fram sanngjarnan samanburðarmælikvarða varðandi innlend skuldabréf þar sem þau eru gerð upp á kaupávöxtun. Það er enginn marktækur mælikvarði sem á við innlend skuldabréf en horft er til meðalávöxtunar nýjustu flokka Íbúðabréfa á árinu og jafnframt meðalávöxtunar lengsta flokks spariskírteina til ársins 2015.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum á sama aðila:

Almennt viðmið er að hámarksfjárfesting (krafa) á sama aðila sé ekki hærri en 5% af eignum sjóðsins hverju sinni. Þá er átt við annan aðila en Ríkissjóð Íslands með beinum eða óbeinum hætti.

Hámarkshlutdeild í hlutafé fyrirtækja:

Vegna falls bankanna mun sjóðurinn eignast eitthvað af hlutafé útgefið af aðilum sem sjóðurinn átti skuldabréf á. Það er hluti af fjárfestingarumhverfi sjóðsins um þessar mundir. Ástæða og tilgangur þess er að leitast við að hámarka endurheimtur á viðkomandi skuldabréfi.

Þess er vandlega gætt að eiga ekki yfir 15% af útgefnum hlutafé í hverju félagi fyrir sig. Um stærri fjárfestingar í hlutabréfum er fjallað um af stjórn.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum:

Þó svo að heimilt sé að eiga allt að 25% hlutdeildarskírteina útgefnum af sama verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis þá er viðmið sjóðsins 10%. Á það einnig við um heildarfjárfestingu innan sama rekstrarfélags. Ef eign er orðin meiri en sem nemur þessu, mun sjóðurinn selja úr viðkomandi sjóði eða að nýtt fjármagn þarf að koma inni sjóðinn.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf:

Það er almennt ekki liður í fjárfestingarstefnu sjóðsins að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði, sem eru útgefin af fyrirtækjum og með veði í atvinnuhúsnæði. Bréfin þurfa þá að vera skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði. Ef fjárfesta á í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum (öðrum en lánunum til sjóðfélaga) þarf sérstaka heimild og samþykkt stjórnar.

Sjóðurinn lánar fjármuni til sinna sjóðfélaga, samkvæmt reglum stjórnar. Þær reglur sem gilda nú miðast við veðstöðu sem nemur 65% af fasteignamati. Jafnframt vill sjóðurinn að veðstaða sé innan við 85% af brunabótamati. Einnig þarf lántakandi að standast greiðslumat.

Aðrar fjárfestingar:

Undir flokknum aðrar fjárfestingar falla ýmiskonar arðbærar fjárfestingar sem geta komið til á árinu. Má þar nefna hlutabréf í óskráðum félögum sem eru í góðum rekstri. Einnig fellur undir þetta aðkoma að ýmiskonar nýsköpunarverkefnum. Með þessum flokki getur sjóðurinn komið að verkefnum sem geta reynst arðbær og nauðsynleg til að aðstoða efnahagslífið á Íslandi. Aðkoma sjóðsins að Framtakssjóði Íslands fellur undir þennan lið. Ákvarðanir um slíkar fjárfestingar eru teknar af stjórn sjóðsins.

Þjónustufyrirtæki fyrir lífeyrissjóði:

Það er ekki hluti af stefnu sjóðsins að eiga né fjárfesta í fyrirtækjum sem hafa það að markmiði að þjónusta eingöngu lífeyrissjóði. Að öðru leyti kaupir sjóðurinn þá þjónustu sem sótt er utan sjóðsins af fyrirtækjum sem veita viðkomandi þjónustu og á hagstæðum kjörum.

Virk stýring eigna:

Að jafnaði er helmingi innlendra og erlendra hlutabréfa stýrt í samræmi við viðmiðunarvísitölur. Sjóðurinn er tilbúinn að selja verðbréf sín fyrir hagstætt verð að því gefnu að endurfjárfesting fjármunanna skili sjóðnum hagfelldari ávöxtun.

Nú um þessar mundir eru um 20% af eignum sjóðsins í virkri stýringu (þ.e. erlend hlutabréf). Hluti er þó í svokallaðri vísitölustýringu eða passífri stýringu. Hlutabréf eru keypt og seld eftir aðstæðum á markaði hvort sem þeim sé stýrt í samræmi við vísitölviðmið eða virkri stýringu.

Skapist hagstæðar markaðsaðstæður þá hefur sjóðurinn selt hluta sinna skuldabréfa og mun gera það áfram. Að meginstofni byggja fjárfestingar á fjármunum sem sjóðnum berast í gegnum greiðslu iðgjalda og afborganir verðbréfa.

Líftími skuldabréfa:

Hér á landi er skuldabréfaútgáfa ekki regluleg nema í íbúðabréfum og ríkisbréfum. Útgáfa annarra skuldabréfa s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja er meira háð aðstæðum hverju sinni. Sjóðurinn hefur sett sér það viðmið að í verð- og/eða ríkistryggðum bréfum sé fjárfest til eins langs tíma og kostur er miðað við ávöxtun og meðallíftíma skuldabréfanna. Þegar fjárfest er í óvertryggðum skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði, þá fer það eftir markaðsaðstæðum hverju sinni til hvers langs tíma fjárfest er.

Varðandi skuldabréf sveitarfélaga þá er gert ráð fyrir að lokagreiðsla þeirra sé ekki síðar en 15 árum frá kaupum nema í traustustu sveitarfélögunum. Einnig er gert ráð fyrir lágmarks íbúafjölda og lágri skuldsetningu. Jafnframt að það fari fram reglulegar afborganir. Skilyrði er að þau séu skráð í Kauphöll.

Varðandi skuldabréf útgefnum af traustum fyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum sem eru skráð á markaði (skuldabréfin) þá er krafa um hóflega langan meðallíftíma bréfsins eða um sjö ár og að greitt sé af þeim reglulega, a.m.k. vextir. Jafnframt er gert krafa um að verðbréf séu skráð á verðbréfamarkaði. Skilyrði er að þau séu skráð í Kauphöll.

Notkun afleiða:

Afleiður eru eingöngu notaðar til að draga úr áhættu sjóðsins. Vandlega er hugað að notkun þeirra og ekki er heimilt að nota þær nema um það sé fjallað af stjórn. Þar sem gjaldeyrishöft eru við lýði er ekki hægt að verja íslensku krónuna gegn erlendum myntum þessa stundina.

Gjaldmiðlasamsetning:

Búast má við að til lengri tíma litið að breytingar á erlendum myntum verði áþekkar, enda nokkur fylgni milli hreyfinga á fjármagnsmörkuðum í Bandaríkjunum og í löndum Evrópu, þar sem evran er notuð sem gjaldmiðill. Engin stefna er í gangi hvort erlendar eignir eigi að hafa evru eða dollar sem viðmið. Erlendar eignir eru ekki varðar nú um þessar mundir gegn sveiflum á íslensku krónunni gagnvart erlendum myntum.

Atvinnugreinaskipting:

Þar sem viðmiðanir sjóðsins varðandi atvinnugreinar miðast við vísitölur þá er gert ráð fyrir að ekki verði vikið frá þeirri atvinnugreinaskiptingu sem þær fela í sér.

Á hitt ber að líta að sjóðurinn mun af markaðsaðstæðum e.t.v. hnika hlutabréfasafninu í heild þannig að allt að 30% skekkja geti legið milli safns sjóðsins og vísitalna.

Sjóðfélagalán

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir veitt sjóðfélagalán hjá sjóðnum. Upplýsingarnar eru á verðlagi hvers árs. Eins og fram kemur í töflu hefur verulega dregið úr lánveitingum árin 2009 og 2010. Helgast það af minni eftirspurn eftir lánum.



Lánareglur

1. Lánaréttindi

Lán eru veitt til sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Lánsréttindi hefur sá sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins annað hvort samtryggingardeild eða séreignardeild.

2. Lánsupphæð, lánstími og kjör

Lánsupphæð er ótakmörkuð meðan veðrymi leyfir.

Lánstími er 5 - 40 ár og endurgreiðist lán með eigi færri gjalddögum en tveimur á ári. Lánin eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og eru með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitets lán).

Hægt er að velja um lán með breytilegum eða föstum vöxtum. Breytilegir vextir skulu vera 0,5% hærri en meðalávöxtun í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands á 2. flokki Íbúðabréfa til 30 ára, þó aldrei lægri en 4,0%. Vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar miðað við meðalávöxtun í síðasta almanaks mánuði samkvæmt skrá Kauphallarinnar. Eru þeir ákveðnir af stjórn sjóðsins.

Fastir vextir eru ákvarðaðir af stjórn sjóðsins á hverjum tíma. Hægt er að breyta vöxtum á lánveitingum með breytilegum vöxtum í fasta vexti gegn hóflegu gjaldi.

3. Umsóknir

Umsókn skal fylgja fasteignamat, brunabótamat og nýtt veðbókarvottorð af eigninni. Ef á undan veðrétti sjóðsins eru önnur áhvílandi lán skulu fylgja umsókninni síðustu greiðsluseðlar viðkomandi lána sem sýna eftirstöðvar, uppreiknaðar með verðbótum og vöxtum. Lánsúmsókn skal vera skrifleg. Sjóðfélagalán er einungis veitt gegn veði í eigin íbúðarhúsnæði.

4. Tryggingar

Aðeins er lánað gegn fasteignaveði allt að 65% af fasteignamati viðkomandi eignar, þ.e. lán sjóðsins og uppreiknaðar eftirstöðvar annarra áhvílandi lána mega ekki vera hærri en 65% af fasteignamati og jafnframt innan við 85% af brunabótamati. Ekki eru tekin gild lánsveð. Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að láta meta fasteignir sérstaklega áður en lán er veitt. Meta þarf húseign ef um nýbyggingu er að ræða. Umsókn er ekki tekin til greina nema húseign sé foheld. Sömu vaxtakjör gilda óháð veðrétti. Skyld er að leggja fram greiðslumat óski sjóðurinn eftir því.

5. Kostnaður

Lántakandi greiðir lántökugjald sem er nú 1%, svo og kostnað við stimplun sem er 1,5% af lánsfjárhæð (greiðist hjá sýslumanni), þinglýsingu, greiðslumat og kostnað við mat á fasteign sé þess þörf. Lántakendur greiða einnig innheimtukostnað af afborgunum skuldabréfa á hverjum gjalddaga.

6. Afgreiðsla lánsúmsóknar

Skilyrði fyrir lánsúthlutun er, að umsóknareyðublað sé útfyllt með fullnægjandi hætti. Lánsúmsóknir eru afgreiddar eftir því sem fé er fyrir hendi hjá lífeyrissjóðnum. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að hafna lánsúmsókn sé veðstaða ekki innan veðmarka.

Tryggingafræðileg athugun

Í febrúar 2011 var gerð tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2010. Úttektin sýnir að staða sjóðsins hefur batnað milli ára. Skiptir þá mestu máli að ágætlega tókst með ávöxtun sem og að réttindatöflur voru lækkaðar að meðaltali um 4,7% m.v. 1.janúar 2011. Árið 2010 var ávöxtun nær sú sama en þau 3,5% sem miðað er við. Á það skal minnt að réttindi hafi verið aukin frá árinu 1999 um 48,5% umfram verðlag. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð í árslok 2010 um 2,7% samanborið við neikvæða stöðu í árslok 2009 um 4,4%. Heildarskuldbindingar umfram heildareignir í árslok 2010 voru 3.290 millj. kr. en voru einnig neikvæðar um 5.146 millj. kr. í árslok 2009.

Áfallin staða	2010	2009
Endurmetin eign	81.808	69.650
Áfallin skuldbinding	83.517	71.434
Eignir umfram áfallnar sk.	(1.709)	(1.784)
Hlutfall	(2,0%)	(2,5%)
Með framtíðar skuldbindingum		
Endurmetin eign	119.661	111.674
Heildarskuldbindingar	122.951	116.820
Heildarstaða	(3.290)	(5.146)
Hlutfall	(2,7%)	(4,4%)

Fjárhæðir í millj. kr.

Séreignardeild

Iðgjöld

Heimilt er að greiða allt að 8% iðgjald til séreignar í lífeyrissjóð af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi. Skiptist hlutfallið þannig að launþegi getur greitt allt að 6% en launagreiðandi greiðir 2%. Á árinu 2010 greiddu 411 einstaklingar iðgjöld til séreignardeildar sjóðsins, alls um 42 millj. kr. Þá greiddu 180 launagreiðendur iðgjöld til séreignar fyrir starfsmenn sína á árinu. Virkir sjóðfélagar voru 997. Samtals lækkuðu iðgjöld um 7,0% frá fyrra ári.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2010 námu um 155 millj. kr. og hafa hækkað um 71,5% frá árinu 2009. Megin ástæður eru þær að á árinu 2009 var veitt sérstök heimild til að taka út allt að 1 millj. kr. til allra réttthafa. Síðan var fjárhæðin hækkuð, þannig að heimilt var að taka út allt að 2,5 millj. kr. Jafnframt er heimilt að í stað þess að dreifa greiðslum yfir 7 ára tímabil frá 60 ára aldri geta þeir sem orðnir eru 60 ára tekið út sinn viðbótarsparnað í einu lagi.

Eignir

Í gildi er samningur við Arion banka hf., um ávöxtun fjármuna séreignardeildarinnar eftir útboð á fjármálamarkaði á sínum tíma. Þannig næst fjárhagslegur aðskilnaður milli deilda. Ávöxtun og uppgjör miðast við markaðsvirði eigna hverju sinni. Algert skilyrði er að eignir deildarinnar séu skráðar og hafi markaðsvirði. Tvær fjárfestingarstefnur eru í boði fyrir réttthafa deildarinnar. Kallast þær Söfnunarleið I og Söfnunarleið II.

Í báðum leiðum er fjárfest í verðbréfum sem eru auðinnleysanleg eða auðseljanleg innan 3 – 4 virkra daga. Deildin greiðir út lífeyri mánaðarlega þannig að algerlega vandræðalaust er að mæta öllum beiðnum um útgreiðslur.

Söfnunarleið I

Hefðbundinn innlánsreikningur sem ber hæstu innlánsvexti á hverjum tíma. Hún er hentug lífeyrispegum deildarinnar sem eru að nálgast lífeyristökualdur og þeim sem vilja taka litla áhættu. Til þess að skipta um leiðir þarf upplýst samþykki hvers og eins að berast sjóðnum.

Söfnunarleið II

Markmið sjóðsins er að ávaxta fé réttthafa á sem bestan hátt að teknu tilliti til áhættu með neðangreindum hætti í samræmi við samþykktir sjóðsins á hverjum tíma.

Það er sameiginlegt mat sjóðsins og Arion banka hf. að neðangreind samsetning sé vænleg til jafnrar og traustar ávöxtunar handa réttihöfum. Þar sem gert er ráð fyrir að meginhluti eigna sé í skuldabréfum, má gera ráð fyrir að sveiflur í ávöxtun verði minni. Hins vegar er möguleiki að auka við erlenda hlutabréfaeign deildarinnar í allt að 30% þar sem hluti skuldabréfa á að vera að lágmarki 70%. Ítarlegustu heimildir deildarinnar byggja á samþykktum sjóðsins skv. 7.gr.

Viðmiðunarsamsetning eigna Söfnunarleiðar II er eftirfarandi:

	Stefna	Lágmark	Hámarg
Innlend skuldabréf og innlán	80%	70%	100%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	70%	40%	100%
Skuldabréf með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga	0%	0%	20%
Skuldabréf með veð í fasteign	0%	0%	0%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0%	0%	25%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisj. og annarra lánastofnana	3%	0%	10%
Skuldabréf fyrirtækja	5%	0%	10%
Önnur verðbréf	3%	0%	5%
Innlend hlutabréf	0%	0%	10%
Erlend hlutabréf	15%	0%	30%
Erlend skuldabréf	5%	0%	30%

Fjárfestingarviðmið deildarinnar byggir á viðmiðunarsamsetningu eigna eins og henni er lýst að ofan. Viðmiðin eru eftirfarandi:

Húsbréf 98/2 15.12.2037	3,4%
Íbúðabréf 15.06.2044	0,0%
Íbúðabréf 15.04.2034	21,3%
Íbúðabréf 15.06.2024	20,4%
Íbúðabréf 15.09.2014	18,7%
3 mánaða ríkisvixlar OMX	21,2%
Hlutabréfavísitala MSCI World	15,0%

Almenn viðmið séreignardeildar

Meginfjárfestingar eru í hlutdeildarsjóðum Arion banka hf. og erlendum hlutdeildarsjóðum sem bankinn hefur umboð fyrir eða tengist.

Deildin hefur heimild til að nota afleiður til þess að draga úr áhættu deildarinnar.

Hámarksfjárfesting á sama aðila má ekki fara yfir 5% og hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja má ekki fara yfir 15%. Gert er ráð fyrir að meðallíftími skuldabréfa sé fimm ár og laust fé fari að jafnaði ekki yfir 10% af nafnverði.

Deildinni er heimilt að eiga allt að 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis eða 25% af verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags. Hins vegar hefur deildin það viðmið að jafnaði að eiga ekki yfir 10% af eign hvers sjóðs hverju sinni.

Það er ekki liður í fjárfestingarstefnu deildarinnar að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði. Deildin veitir ekki lán til rétthafa. Hún fjárfestir ekki í félögum sem sinna eiga þjónustuverkefnum einungis fyrir lífeyrissjóði/séreignardeildina.

Allar eignir deildarinnar eru í virkri stýringu og hafa markaðsvirði. Fjárfestingar eru því mjög virkar og þær reglulega metnar með tilliti til ávöxtunar í samræmi við fjárfestingarstefnu deildarinnar.

Erlendar eignir deildarinnar geta verið frá 0 – 30%. Eignir deildarinnar eru annað hvort í dollar eða evru, eða báðum myntum samtímis. Engin sérstök stefna er þar um.

Þar sem viðmið deildarinnar varðandi atvinnugreinar miðast við vísitölur þá er ljóst að ekki verður vikið frá þeirri skiptingu sem vísitölur fela í sér. Um það ráða markaðsaðstæður hverju sinni.

Fjárfestingarstefna beggja deilda sjóðsins byggir að öðru leyti á langtímamarkmiðum og mikilvægi þess að ávöxtun sé jöfn og traust til lengri tíma lítið.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársreikningur 2010

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
Borgartúni 29
105 Reykjavík

kt. 450181-0489

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	21	Skýringar	27
Áritun óháðs endurskoðanda	23	Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris	37
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	24	Efnahagsreikningur deilda	38
Efnahagsreikningur	25	Sjóðstreymisyfirlit deilda	39
Sjóðstreymisyfirlit	26		

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Árið 2010 er að baki, en með því lauk 36. starfsári Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Árið 2010 var áfram erfitt til fjárfestinga einkum vegna gjaldeyrishafta. Eignir jukust verulega milli ára en það helgast bæði af innri vexti sjóðsins sem og að á árinu 2010 sameinuðust fjórir lífeyrissjóðir sjóðnum. Þetta eru Lífeyrissjóðurinn Skjöldur, Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka, Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands II og Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands. Sjóðirnir sameinuðust Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda miðað við eignir og tryggingafræðilega stöðu í árslok 2009. Þetta var hægt að gera þar sem allir þessir sjóðir voru lokaðir og hættir að taka við iðgjöldum. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda færði í bókhaldi sínu allar hreyfingar sjóðanna á árinu 2010 og tók við eignum og skuldbindingum þeirra á árinu 2010. Um samruna sjóðanna við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda er nákvæmlega á um kveðið í samningum sem gerðir voru og Fjármálaeftirlitið fékk afrit af sem og allar upplýsingar er um var beðið. Jafnframt fór innri endurskoðandi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda yfir hvernig staðið var að samruna sjóðanna. Engar athugasemdir komu fram við þá yfirferð. Þar með eru eignir sjóðanna hluti af uppgjöri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í árslok 2010. Starfsemi sjóðanna fjögurra hefur verið aflögð.

Eignir vaxa milli ára um 16,8% og sjóðurinn skilar jákvæðri raunávöxtun. Reynt hefur verið að leggja mat á afskriftaþörf eigna sjóðsins. Á árinu er færð niðurfærsla 223 millj. kr. til þess að mæta hugsanlegum töpum. Samtals hefur sjóðurinn lagt til hliðar á undanförunum árum 5.234 millj. kr. Hvort þessi fjárhæð sé lýsandi fyrir þá fjármuni sem endanlega munu tapast vegna falls bankanna árið 2008 á eftir að koma í ljós. Í áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að 8 - 10% eigna muni tapast miðað við stöðu eigna sjóðsins þann 30. september 2008. Í ársreikningi er færð sem skuld nettótap sjóðsins af gjaldmiðlasamningum 116 millj. kr. ásamt viðbót vegna samninga Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka. Sú viðbót nam 80 millj.kr. Samtals er færð skuld 196 millj. kr. vegna málsins. Þetta er fjárhæð sem sjóðurinn telur sig eiga að hámarki að greiða eftir skuldajöfnun vegna gjaldmiðlasamninga við Landsbanka Íslands hf. og við Glitni banka hf. Um þetta er ágreiningur við skilanefndir bankanna en mögulegt er að fjárhæðin verði hærri. Nánar er gerð grein fyrir þessu í skýringum. Það er mikilvægt að hafa í huga að ársuppgjör sjóðsins miðað við árslok 2010 er áfram háð tiltekinni óvissu þó margt hafi skýrst milli ára. Ber að lesa ársskýrslu sjóðsins með tilliti til þess. Margt hefur þó verið klárað en enn mun taka tíma að ljúka öllum málum er upp komu vegna falls bankanna árið 2008.

Á hverju ári ber Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda að skila fjárfestingarstefnu fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins. Stefnan er afar mikilvægur þáttur í starfsemi lífeyrissjóða. Eðli máls samkvæmt fer mikil vinna í mótun stefnunnar. Á síðasta ári var umgjörð stefnunnar endurskrifuð og mikil vinna lögð í uppsetningu hennar. Fjárfestingarstefna sjóðsins er varfærin og hefur skilað jafnri og traustri ávöxtun til sjóðfélaga.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti og gekk rekstur hans vel. Haldnir voru 13 stjórnarfundir á árinu. Á árinu greiddu alls 1.842 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins alls 2.525 millj. kr. fyrir 15.081 einstaklinga. Sjóðfélagar voru 123.422 í árslok 2010. Virkir sjóðfélagar voru 6.992 árið 2010.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar námu alls 1.491 millj. kr. og jukust um 50,6% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok voru 7.198 en þeir voru 6.181 árið áður. Aukning milli ára er 16,5%. Vegna samruna sjóðanna fjögurra við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda jókst fjöldi lífeyrisþega um 583.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar var 78.526 millj. kr. og jókst eign deildarinnar um 16,9% eða 11.297 millj. kr. Hrein nafnávöxtun var 6,1% samanborið við 12,7% árið áður. Hrein raunávöxtun árið 2010 var 3,4% samanborið við hreina raunávöxtun 3,8% árið áður. Fimm ára meðaltalsraunávöxtun er 0,8% og tíu ára meðaltal er 3,9%.

Hrein eign séreignardeildar nam 2.260 millj. kr. og jókst eign deildarinnar um 361,5% eða um 1.771 millj. kr. Megin ástæða fyrir svo mikilli aukningu er sú að 1.656 millj. kr. af hreinni eign Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka var ráðstafað í séreign sjóðfélaga. Séreignardeild sjóðsins skiptist í tvær ávöxtunarleiðir og var hrein nafnávöxtun Söfnunarleiðar I 20,9% og hrein raunávöxtun 17,9%. Skýrist það m.a. af þeirri ávöxtun sem fjármunir Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka höfðu skilað þegar þeir voru mótteknir inn í Söfnunarleið I. Hrein nafnávöxtun Söfnunarleiðar II var 9,8% og hrein raunávöxtun 7,0%.

Staða samtryggingardeildar sjóðsins er góð þrátt fyrir að eignir sjóðsins séu neikvæðar um 2,7% sem hlutfall af heildarskuldbindingum umfram heildarskuldbindingar í árslok 2010. Ekki þarf að koma til skerðingar réttinda og hefur sjóðurinn aldrei skert áunnin réttindi sjóðfélaga frá stofnun hans 1974. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er innan lögboðinna marka. Sambærilegt hlutfall var neikvætt um 4,4% árið áður.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra frh.,


Sjóðurinn hefur þurft að leysa til sín tvær fasteignir vegna greiðslufalls sjóðfélagalána. Önnur þeirra er seld en hin fasteignin er í sölufæri á fasteignasölu. Upp kom að einn sjóðfélagi lýsti kröfu á innköllunarfresti Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka. Máli þessu var hafnað af gerðardómi á sínum tíma. Vegna hugsanlegs málareksturs voru lagðir til hliðar fjármunir við samrunann til að mæta hugsanlegri kröfu. Byggja útreikningar fjármunanna á niðurstöðu tryggingafræðinga að viðbættu áhættuálagi. Komi ekki fram stefna er stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda heimilt að úthluta fjármunum sem lagðir voru til hliðar til allra fyrrum sjóðfélaga Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka nú á vormánuðum. Mikilvægt er að geta útteilt fjármunum til sjóðfélaga sem fyrst. Að þessu slepptu á Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda ekki í neinum ágreiningsmálum né málaferlum.

Í byrjun desember 2010 skipaði fjármálaráðuneytið Guðmund Árnason ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu stjórnarformann sjóðsins í stað Baldurs Guðlaugssonar sem sagði sig úr stjórn sjóðsins frá og með 1. mars 2010. Í millitíðinni sinnti varaformaður sjóðsins Hrafn Magnússon skyldum stjórnarformanns.

Árið 2010 var fyrsta heila starfsár endurskoðunarnefndar og hélt nefndin samtals 9 fundi árið 2010. Starfsmenn sjóðsins voru tíu í árslok 2010 og nam heildar launakostnaður sjóðsins samtals 68 millj. kr. Til viðbótar námu launatengd gjöld 13 millj. kr. Samtals nam heildarlaunakostnaður vegna stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfsmanna 81 millj. kr. Aðsetur sjóðsins er í Borgartúni 29, 4. hæð og er heimasíða hans www.sl.is.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2011.



Guðmundur Árnason, formaður




Hrafn Magnússon, varaformaður



Arnar Sigurmundsson




Friðbert Traustason



Gunnar Gunnarsson



Þorbjörn Guðmundsson



Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir



Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Söfnunarsjóði líffeyrisréttinda.

